

STARFSLAUNASJÓÐUR SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

HANDBÓK UMSÆKJENDA

UPPLÝSINGAR OG ÚTHLUTUNARREGLUR

Styrkárið 2026



Helstu breytingar frá síðustu útgáfu:

Breyting á kaflanum 2.3. Starfslaun: „Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna greiðir hvorki yfirvinnu vegna rannsókna, aðkeypta vinnu, né laun til þeirra sem eru jafnframt á fullum launum í öðrum störfum (þ.m.t. lífeyrisþega).“

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
1.1	Hlutverk Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna	4
1.2	Tímasetningar	4
1.3	Upplýsingar um sjóðinn	4
2	Umsækjendur og starfslaun	4
2.1	Hverjir geta sótt um?	4
2.2	Hvað er styrkt?	5
2.3	Starfslaun	5
2.4	Umsóknir	5
2.5	Framhaldsumsóknir	6
3	Matsferli	6
3.1	Fagráð og stjórn	6
3.2	Matsþættir	6
3.3	Vanhæfi	6
4	Styrkveitingar	6
4.1	Samningur	7
4.2	Greiðslur styrktra verkefna	7
4.3	Lokaskýrslur	7
5	Aðrar upplýsingar	7
5.1	Stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna	7
5.2	Trúnaður	7
5.3	Vanhæfisreglur	8
5.4	Misferli	8

1 INNGANGUR

1.1 HLUTVERK STARFSLAUNASJÓÐS SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

Hinn 10. janúar 2013 setti mennta- og menningarmálaráðherra reglur um nýjan sjóð, Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna, en á sama tíma var Launasjóður fræðiritahöfunda lagður niður. Fjallað er um hlutverk hins nýja sjóðs í 1. gr. reglnanna (nr. 25/2013) en þar segir:

„Meginhlutverk sjóðsins er að launa starfsemi þeirra fræðimanna sem starfa sjálfstætt í sinni fræðigreini.“

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna er samkeppnissjóður og hefur ráðherra falið Rannís umsjón með honum.

1.2 TÍMASETNINGAR

Umsóknarfrestur Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna er auglýstur með a.m.k. 4 vikna fyrirvara. Venjulega er umsóknarfrestur að vori og úthlutun úr sjóðnum í sumarbyrjun.

Tímasetningar 2026	
16. mars, kl. 15:00	Umsóknarfrestur
mars-maí	Mat umsókna
maí	Úthlutun

1.3 UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

Sérfræðingar sjóðsins veita upplýsingar og aðstoð virka daga frá 9:00 – 15:00. Umsækjendur skulu ekki undir neinum kringumstæðum hafa samband við fagráð eða stjórn meðan á matsferli stendur. Hafi umsækjandi samband við stjórn eða fagráð vegna umsóknar verður hún tekin úr matsferli.

Heimasíða: <https://island.is/starfslaunasjodur-sjalfstaett-starfandi-fraedimanna>

Netfang: sssf@rannis.is

2 UMSÆKJENDUR OG STARFSLAUN

2.1 HVERJIR GETA SÓTT UM?

Rétt til að sækja um starfslaun úr sjóðnum hafa höfundar fræðirita, fræðigreina, handbóka, orðabóka og viðamikils upplýsingaefnis á íslensku á ýmsu formi, þ.e.a.s. fræðimenn sem starfa sjálfstætt að sinni fræðigreini. Krafan um íslensku á við allt ofan nefnt.

2.2 HVAÐ ER STYRKT?

Sjóðurinn veitir sjálfstætt starfandi fræðimönnum starfslaun svo að þeir geti sinnt undirbúningi og vinnu við fræðirit og upplýsingaefni á íslensku. Umsækjendur geta sótt um starfslaun fyrir vinnu við eitt eða fleiri verkefni sem unnin eru samhliða og hafa útgáfu að langtímamarkmiði.

Eftirfarandi er ekki styrkt af sjóðnum:

- Verkefni til prófgráðu.
- Þýðingar.
- Gerð námsefnis og kennslutækja.
- Sviðsverk.
- Undirbúningur útgáfu (prófarkalestur, o.þ.h.).

2.3 STARFSLAUN

Starfslaun sjóðsins þetta styrkárið eru í töflunni hér á eftir; um verktakagreiðslur er að ræða. Styrkflokkar eru fjórir:

Styrkflokkur	Mánaðarlaun	Styrkur alls
3 mánuðir	580.000 kr.	1.740.000 kr.
6 mánuðir		3.480.000 kr.
9 mánuðir		5.220.000 kr.
12 mánuðir		6.960.000 kr.

Starfslaunasjóður sjálfstætt starfandi fræðimanna greiðir hvorki yfirvinnu vegna rannsókna, aðkeypta vinnu, né laun til þeirra sem eru jafnframt á fullum launum í öðrum störfum (þ.m.t. lífeyrisþega).

Fullt starf í skilningi þessara reglna miðast við 67% starf eða meira. Styrkþegi þarf því að taka launalaust leyfi frá störfum til að sinna verkefninu ef hann er í fullu starfi. Fyrir styrki til 3 og 6 mánaða er heimilt að vera í allt að 50% starfi.

2.4 UMSÓKNIR

Eingöngu er tekið við umsóknum í gegnum rafrænt umsóknarkerfi Rannís. Faglegt mat á umsókn byggist aðeins á þeim upplýsingum sem koma fram í umsókn. Ekki er tekið við gögnum eftir að umsóknarfrestur rennur út. Öllum ófullgerðum umsóknum er vísað frá.

Mikilvægt er að vanda til verkefnislýsingar; hafa skal eftirfarandi atriði í huga:

- Mikilvægt er að verkefnið hafi vel skilgreind markmið og sé skipt í vel afmarkaða verkþætti.
- Lýsa þarf hverjum verkþætti fyrir sig, tengingum við aðra verkþætti í verkefninu og áætla tíma sem fer í hvern verkþátt.
- Lýsa skal í verk- og tímaáætlun helstu vörðum sem marka skil á milli áfanga í verkefninu.

- Gera skal grein fyrir hvernig staðið verður að birtingu.
- Ath. að einungis eru styrkt verkefni sem skrifuð eru á íslensku.

Ferilskrá skal vera hnitmiðuð og gefa upplýsingar sem nýtast við mat á umsókn. Ferilskráin skal innihalda upplýsingar um núverandi stöðu umsækjanda auk upplýsinga um menntun, fyrri störf og birt ritverk. Ítarefni má fylgja umsókn, að hámarki þrjár síður.

2.5 FRAMHALDSUMSÓKNIR

Hægt er að sækja um starfslaun til sama verkefnis oftár en einu sinni. Sé aftur sótt um starfslaun til sama verkefnis verður lokaskýrsla síðasta styrkárs að hafa borist. Um framhaldsumsóknir segir í 7. grein reglna sjóðsins:

„Heimilt er að veita sama einstaklingi starfslaun vegna afmarkaðs verkefnis til lengri tíma en 12 mánaða en þó aldrei lengur en til 36 mánaða. Skal þá viðkomandi fræðimaður endurnýja umsókn árlega, enda veitir sjóðurinn ekki starfslaun lengur en 12 mánuði miðað við hverja umsókn.“

3 MATSFERLI

3.1 FAGRÁÐ OG STJÓRN

Fagráð metur umsóknir sem berast sjóðnum og raðar efstu umsóknum í forgangs röð. Í kjölfarið tekur stjórn ákvörðun um styrkveitingu, eftir að hafa fengið tóm til að skoða umsóknir og ígrunda niðurstöðu fagráðsins.

Fagráðið getur leitað álits ytri matsmanns ef það telur þörf á því; stjórn getur jafnframt leitað ytra álits ef svo ber undir.

Stutt samantekt á niðurstöðu fagráðs fylgir svari til umsækjanda.

3.2 MATSPÆTTIR

Fagráð metur umsóknir eftir gæðum þeirra og efnistöfum, greiningu á stöðu þekkingar, markmiði, nýnæmi, verkáætlun, reynslu og hæfni umsækjanda á fræðisviði verkefnisins.

Tekið er tillit til líklegtrar birtingar niðurstaðna til gagns fyrir almenning og fræðasamfélag.

3.3 VANHÆFI

Sé fagráðsmaður vanhæfur les hann ekki viðkomandi umsókn og vísar af fagráðsfundi á meðan hún er rædd. Sé stjórnarmaður vanhæfur tekur hann ekki þátt í umfjöllun um úthlutun; tekur varamaður sæti hans á úthlutunarfundi. Sjá nánar um vanhæfisreglur í kafla 5.3.

4 STYRKVEITINGAR

Styrkveitingar eru birtar á vef Rannís. Þar er einnig hægt að skoða fyrri úthlutanir.

4.1 SAMNINGUR

Rannís gerir samning við styrkþega fyrir hönd Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna. Ganga skal frá samningi innan tveggja mánaða frá tilkynningu um styrk ella fellur styrkur niður. Hægt er að sækja um frest til að ganga frá samningi en slíkt verður að gera tímanlega. Allir styrkir sem ekki er búið að semja sérstaklega um eru afskrifaðir 1. janúar eftir umsóknarfrest.

4.2 GREIÐSLUR STYRKTRA VERKEFNA

- Fyrsta greiðsla (80%) greiðist eftir undirritun samnings.
- Lokagreiðslan (20%) er greidd eftir að lokaskýrsla hefur verið samþykkt.

4.3 LOKASKÝRSLUR

Lokaskýrslu skal skila eigi síðar en ári eftir að styrkari lýkur. Í skýrslunni skal tilgreina hvaða árangur náðist á styrktímabilinu. Í henni ber að staðfesta að áætlun hafi verið fylgt eða gera grein fyrir breytingum á verkefninu.

Síðasti fimmtungur styrks er greiddur þegar lokaskýrsla hefur verið samþykkt. Hafi lokaskýrsla ekki borist Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna innan árs frá skilafresti, getur stjórn sjóðsins ákveðið einhliða að afskrifa eftirstöðvar styrksins.

Hægt er að sækja um frest til skila á lokaskýrslu en slíkt verður að gera formlega áður en upphaflegur skilafrestur lokaskýrslu rennur út.

Sé aftur sótt um starfslaun til sjóðsins verður lokaskýrsla síðasta styrkars að hafa borist.

Styrkþegar skulu afhenda Rannís eintak af öllum prentuðum útgáfum sem unnar voru fyrir styrk úr Starfslaunasjóði sjálfstætt starfandi fræðimanna, jafnvel þótt útgáfan eigi sér stað eftir að lokaskýrslu hefur verið skilað.

5 AÐRAR UPPLÝSINGAR

5.1 STJÓRN STARFSLAUNASJÓÐS SJÁLFSTÆTT STARFANDI FRÆÐIMANNA

Sá ráðherra sem fer með málefni sjóðsins skipar stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna til þriggja ára í senn samkvæmt tilnefningum frá Hagþenki, félagi höfunda fræðirita og kennslugagna, og Reykjavíkur Akademiúnni. Formaður stjórnarinnar er skipaður án tilnefningar. Varamenn eru skipaðir með sama hætti.

Samkvæmt 11. grein reglna nr. 25/2013 um Starfslaunasjóð sjálfstætt starfandi fræðimanna setur stjórn sjóðsins nánari reglur um úthlutun úr sjóðnum og kynnir þær fyrir ráðherra.

5.2 TRÚNAÐUR

Stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna, fagráðsfólk, starfsmenn Rannís og aðrir sem koma að umsýslu sjóðsins eru bundnir algerum trúnaði. Farið er með allar umsóknir og matsgögn sem

trúnaðarmál. Trúnaðargögn má ekki nota í neinum öðrum tilgangi en við faglegt mat og þau má ekki birta, gefa út eða sýna þriðja aðila með öðrum hætti. Afrit skulu aðeins útbúin af trúnaðargögnum þessum ef það þykir nauðsynlegt vegna faglegs mats.

Að matsferli loknu skal varðveita umsókn og matsgögn í rafrænu skjalasafni Rannís. Stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna er meðvituð um að birting eða ólögmat nýting trúnaðarupplýsinga getur valdið eigendum þeirra óbætanlegu tjóni. Eigandi trúnaðarupplýsinga á rétt á að leita til dómstóls sem lögsögu hefur í málinu og krefjast tiltekinna aðgerða, fara fram á bann við frekari uppljóstrun eða öðrum brotum og/eða setja fram aðrar kröfur sem eigandi upplýsinganna telur viðeigandi. Slíkur réttur eiganda kemur til viðbótar þeim úrræðum sem standa skráðum eiganda eða þeim sem leiðir rétt frá honum (raunverulegum eiganda) til boða.

5.3 VANHÆFISREGLUR

Þegar um vanhæfi fagráðsmanns er að ræða tekur viðkomandi ekki þátt í umfjöllun um þá umsókn sem um ræðir. Sé stjórnarmaður vanhæfur tekur hann ekki þátt í umfjöllun um úthlutun og tekur varamaður sæti hans á úthlutunarfundi. Þetta skal skráð í fundargerðir. Til viðbótar við vanhæfisástæður sem taldar eru upp í Stjórnsýslulögum (nr. 37/1993)¹ valda eftirtalin atriði vanhæfi hjá fagráðs- eða stjórnarmönnum Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna:

- Náin vinátta, fjölskyldutengsl eða mægðir við umsækjanda.
- Persónuleg andstaða við umsækjanda.
- Fagleg samkeppni milli viðkomandi og umsækjanda.
- Ef stjórnarmaður er umsækjandi þarf hann að segja sig frá umfjöllun um úthlutun viðkomandi styrkars og þarf þá að kalla inn varamann.

Ef viðkomandi fagráðs- eða stjórnarmaður er starfsmaður stofnunar eða fyrirtækis og umsókn frá starfsmönnum sömu stofnunar eða fyrirtækis er til umfjöllunar, verður að meta hversu náin tengsl eru við þá starfsmenn og/eða yfirmenn viðkomandi stofnunar. Þessi tengsl þurfa ekki nauðsynlega að leiða til vanhæfis.

Fagráðs- og stjórnarmenn eru ábyrgir fyrir því að koma auga á kringumstæður sem skapa þeim vanhæfi.

5.4 MISFERLI

Vakni grunur um misferli, uppspuna, falsanir, ritstuld eða misnotkun í tengslum við umsókn eða styrkt verkefni í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur, verður stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna gert viðvart án undantekninga.

Komist upp um misferli í umsóknarferli, á styrktímabili eða eftir að styrktímabili lýkur, getur stjórn Starfslaunasjóðs sjálfstætt starfandi fræðimanna ákveðið sérstök viðurlög svo sem að hluti eða allt styrkfé verði endurgreitt.

¹ <http://www.althingi.is/lagas/nuna/1993037.html>